



Grímsnes- og Grafningshreppur  
Stjórnsýsluhúsinu Borg  
805 Selfoss

**Dagsetning** 28.4.2026  
**Málsnúmer** URN25120120

## Beiðni um undanþágu vegna mengandi starfsemi

Vísað er til bréfs frá Lögmönnum Suðurlandi, f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 26. janúar 2026, þar sem sótt er um undanþágu fyrir starfsleyfisskyldan atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun á grundvelli 16. gr. reglugerðar um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006. Með erindinu fylgdi greinargerð ÍSOR dags. 24. ágúst 2023, umsókn um mengandi starfsemi til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 28. febrúar 2025 ásamt greinargerð, bréf ÍSOR vegna fyrirspurnar um matsskyldu framkvæmdar, dags. 26. ágúst 2025, og matskylduákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 4. desember 2025.

Grímsnes- og Grafningshreppur, Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur vinna nú sameiginlega að vatnsöflun í Kaldárhöfða. Til þess að unnt sé að halda áfram með verkefnið er nauðsynlegt að bora tilraunaholu sem getur síðar meir nýst sem vinnsluhola ef rannsóknir gefa til kynna að þar sé hægt að vinna vatn. Jarðborun var starfsleyfisskyld starfsemi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sem og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Með síðustu breytingu á lögum nr. 7/1998, sem samþykkt var á Alþingi 27. mars sl., voru jarðborar gerðir starfsleyfisskyldir og hver jarðborun tilkynningarskyld til Umhverfis- og orkustofnunar.

Framangreind sveitarfélög hafa á síðustu árum átt í samstarfi um sameiginlega framkvæmd við öflun kalds vatns til dreifingar í ljósi hraðrar íbúafjölgunar á svæðinu. Framboð á hreinu vatni og fersku vatni hefur víða farið minnkandi og sveitarfélögin hyggjast því sameinast um rekstur öflugs vatnsveitukerfis. Til þess að kanna möguleika þessara áforma er ráðgert að bora tilraunaholu til að rannsaka vatnafræðilega eiginleika jarðlaga á svæðinu. Rannsóknin færi þannig fram að vatni er dælt úr holunni í 24-72 klst. og áhrif metin í nærliggjandi borholum sem þegar eru til staðar.

Í framangreindu bréfi Grímsnes- og Grafningshreppar sem og fylgigögnum er framkvæmdinni lýst nánar og gerð grein fyrir umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagna Umhverfis- og orkustofnunar, Þingvallanefndar og heilbrigðisnefndar Suðurlands, í samræmi við 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 650/2006, þann 28. janúar sl.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar, dags. 6. febrúar 2026, kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemd við að undanþágan verði veitt. Þar sem tilgangur rannsókna er að kanna möguleika fyrir íbúa nærliggjandi sveitarfélags til langs tíma telur Umhverfis- og orkustofnun að þörf sé á ítarlegum rannsóknum á grunnvatnsstraumi á svæðinu til að kanna möguleg áhrif nýtingar á vatnasvið og lífríki Þingvallavatns. Þá telur stofnunin að framkvæmdaaðili skuli sýna ítrustu varkárni, framfylgja öllum þeim mótvægisáðgerðum

sem lýst er í beiðni um undanþágu og fylgiskjöllum hennar, og ekki raska svæðinu meira en þörf er á. Stofnunin telur að þær mótvægisáðgerðir sem lýst er í beiðni séu til þess gerðar að lágmarka hættu á mengun og að tímabundin dæling úr tilraunaholu muni ekki hafa áhrif á magnstöðu grunnvatns á svæðinu. Enn fremur vísar stofnunin til umsagna Náttúruverndarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar um tilkynningu framkvæmdarinnar til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar um matsskyldu.

Í umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 11. febrúar 2026, kemur fram að heilbrigðisnefnd Suðurlands hafi farið yfir fyrirbyggjandi gögn og geri ekki athugasemdir við að umbeðin undanþága verði veitt enda verði farið að ítrustu kröfum og skilyrði verði til tafarlausrar stöðvunar við frávík. Embættið telur að umsækjandi geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg áhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengi á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis að framkvæmdum loknum.

Í umsögn Þingvallanefndar og Þjóðgarðsins á Þingvöllum, dags. 12. febrúar 2026, kemur fram að framkvæmdarsvæði vegna tilraunarborholunnar séu í krika skammt frá útfalli Þingvallavatns. Líklegt megi telja að hún muni ekki hafa mikil áhrif á vatnafar eða lífríki Þingvallavatns. Þá kemur fram að tryggja þurfi á framkvæmdartíma að raski og mengun sé haldið í skefjum og lágmarki við slíka aðgerð. Þingvallanefnd og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum gera ekki athugasemdir við að undanþága sé veitt vegna verkefnisins.

Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu af hálfu umsækjanda, þ.m.t. þeirra mótvægisáðgerða sem þar koma fram, og þeirra umsagna sem liggja fyrir og hér hafa verið raktar veitir ráðherra Grímsnes- og Grafningshreppi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns um að óheimilt sé að hefja nýjan, starfsleyfis skyldan atvinnurekstur á verndarsvæðinu, á grundvelli heimildar til veitingar undanþágu sbr. 2. mgr. 16. gr. sömu reglugerðar. Undanþágan er veitt vegna borunar á tilraunaholu eftir köldu vatni eins og nánar er lýst í erindi sveitarfélagsins. Undanþága þessi snýr eingöngu að framangreindu ákvæði og um leyfisveitingar fyrir starfseminu fer að öðru leyti samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Fyrir hönd ráðherra,

Erla Arnardóttir

Kjartan Ingvarsson